

ÚTFARARÞJÓNUSTUR

LAUGARDAGUR 20. SEPTEMBER 2014

Kynningarblað Útfararþjónustan ehf., Granítsteinar, Útfararstofa Kirkjugarðanna og Útfararstofa Svafars og Hermanns

Fjölskyldufyrirtæki í 24 ár

Útfararþjónustan ehf. hefur verið í eigu Rúnars Geirmundssonar og fjölskyldu hans frá stofnun. Hann segir mikilvægast að taka tillit til aðstæðna hverju sinni og nálgast verkefnið með auðmýkt. Virðingin fyrir hinum látna er alltaf í forgrunni.

Það er nauðsynlegt að hafa samband við útfararþjónustu sem fyrst eftir að andlát ber að,“ segir Rúnar Geirmundsson, eigandi Útfararþjónustunnar við Fjarðarás. „Í fyrsta lagi þarf að flytja hinn látna af dánarstað og í líkhús og síðan að byrja að undirbúa kistulagninguna. Útfararstjórinn heimsækir yfirleitt aðstandendur daginn eftir og þeir leggja þá fram óskir sínar varðandi framkvæmd kistulagningar og síðan jarðarfarar.

Í því felst í flestum tilfellum að velja prest og hafa samband við hann og síðan að tímasetja athafnirnar inn í forrit sem við notum og er beintengt við kirkjugarðana. Næsta skref er svo að ákveða hvað kemur í okkar hlut en um það hafa aðstandendur auðvitað frjálssar hendur að mestu leyti.“

Rúnar stofnaði Útfararþjónustuna á vormánuðum árið 1990 og hefur alla tíð veitt fyrirtækinu forstöðu sem framkvæmdastjóri þess og útfararstjóri. Útfararþjónustan er í eigu Rúnars og eiginkonu hans, Kristínar Sigurðardóttur, og starfa synir þeirra, Sigurður og Elís, þar ásamt föður sínum. Skrifstofa Útfararþjónustunnar er að Fjarðarási 25 í Reykjavík. Þar tekur útfararstjóri á móti aðstandendum og veitir þeim allar upplýsingar er varða undirbúning útfarar. Útfararstjóri kemur einnig heim til aðstandenda sé þess óskað.

Á Viðarhöfða í Reykjavík er aðstaða Útfararþjónustunnar fyrir líkbiða og kistu og þar er fullkomin aðstaða fyrir alla starfsemi útfararþjónustu. Að auki hefur Útfararþjónustan aðgang að aðstöðu í líkhúsinu við Fossvogskapellu. Rúnar segir það ráðast mest af orðspori hvaða útfararþjónustu fólk velji og að bestu meðmæli sem hægt sé að fá sé að fólk leiti til þeirra aftur og aftur. „Satt best að segja byggist þetta dálítið mikið á persónulegum kunningsskap og ef maður sinnir sínu starfi vel er það fljótt að spyrjast út. Fyrst og fremst þarf að taka tillit til þess að fólk er í sárum eftir ástvinamissi. Við þurfum að gæta að því sem við gerum og segjum og eins að nálgast fólk með hlýju

Á VERKSVIÐI ÚTFARARSTJÓRA ER

- að sækja **hinn látna** á dánarstað og flytja í líkhús.
- að heimsækja **aðstandendur** og fara með þeim yfir þá þætti sem athuga þarf fyrir athöfn.
- að aðstoða aðstandendur við að **komast í samband við prest**.
- að skrá hinn látna og tímasetningar athafna í **bókunarkerfi kirkjugarða**.
- að aðstoða við **val á tónlistarfólki** og prentun á sálmaskrá.
- að aðstoða við **kaup á blómum** á kistu og krönsum sé þess óskað.
- að sjá um að **ganga frá hinum látnu í kistu** fyrir **kistulagningu**.
- að hafa **umsjón með kistulagningu**.
- að hafa **umsjón með útför** og akstri í kirkjugarð að henni lokinni.
- að útvega **kross** og merkingu á leiði.
- að taka saman sem innheimtuaðili **reikninga frá tónlistarfólki, blómabúðum, kirkjuvörðum og prentun**.
- að senda aðstandendum reikning með **samantekt allra sem að útför koma**.

og auðmýkt. Það getur verið mjög erfitt að bjóða fólki við þessar aðstæður þjónustu sem kostar peninga en þetta hefur lærst í gegnum árin og við tökum mjög mikið tillit til þess hvernig aðstæður eru hverju sinni.“

Rúnar hefur unnið við útfararþjónustu frá því 1983, fyrst hjá Kirkjugörðum Reykjavíkur og síðan í eigin fyrirtæki. Hann segist hafa lært það á löngum ferli að það skipti ekki höfuðmáli hvaða trú fólk aðhyllist eða hvort það aðhyllist trú yfirleitt, virðingin fyrir hinum látna sé alltaf í forgrunni. „Og það þurfum við alltaf að hafa í huga, án þess að taka afstöðu til trúmála. Hljýja, auðmýkt og virðing er það leiðarljós sem við fylgjum alltaf.“



„Ef maður sinnir sínu starfi vel er það fljótt að spyrjast út,“ segir Rúnar Geirmundsson útfararstjóri, sem rekur Útfararþjónustuna ehf. ásamt sonum sínum Sigurði og Elís.

MYND/GVA



Þær kistur sem við bjóðum, eru framleiddar í Danmörku og hafa staðist allar væntingar um fagleg vinnubrögð og góðan frágang.

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990

Fjarðarási 25 • 110 Reykjavík • Sími 567 9110 • 893 8638
www.utfarir.is • runar@utfarir.is



Fjölskyldufyrirtæki í 24 ár



Rúnar Geirmundsson



Sigurður Rúnarsson



Elís Rúnarsson



Þorbergur Þórðarson

Markmið okkar hefur ávallt verið að veita bestu faglegu þjónustu varðandi undirbúning og framkvæmd útfarar.



Fagmennska er okkar aðalsmerki

Reynsla starfsmanna og hátt þjónustustig einkennir rekstur Granítsteinar í Hafnarfirði. Fyrirtækið selur granítlegsteina og vinnur legsteina úr íslenskum steini, þá helst stuðlabergi, sem löngum hefur verið vinsælt hjá Íslendingum.

Granítsteinar sérhæfa sig í meðhöndlun og vinnslu á steinum, þar á meðal legsteinum. Fyrirtækið hefur mikla reynslu af vinnslu granítlegsteina og þar starfa reynslumiklir starfsmenn sem veita viðskiptavinum faglega ráðgjöf. Auk legsteina úr graníti framleiða Granítsteinar legsteina úr íslenskum steini, þá helst stuðlabergi.

Ólafur Ragnar Guðbjörnsson hjá Granítsteinum segir legsteina úr graníti hafa náð mikilli fótfestu hérlendis enda henti þeir vel íslenskum aðstæðum og endist mjög vel.

„Granítlegsteinar eru nítsterkir og endingargóðir. Við bjóðum upp á granít frá öllum heimshornum, til dæmis Brasilíu, Indlandi og Noregi, og vinnum þá hér fyrir viðskiptavinum okkar.

Núorðið er algengt að sjá granít í kirkjugörðum og hafa vinsældir þess vaxið ár frá ári. Við bjóðum upp á átta gerðir af graníti og erum ávallt að auka við úrvalið.“

Einnig býður fyrirtækið upp á legsteina úr marmara og svo úr íslenskum steini, stuðlabergi og grásteini. „Íslenska stuðlabergið stendur alltaf fyrir sínu og hefur löngum verið vinsælt hjá Íslendingum.“

Áralöng reynsla starfsmanna

Granítsteinar bjóða upp á mikið úrval legsteina og fjölbreytta hönnun. „Legsteinarnir fást í ólíkum stærðum enda allur gangur á því hvernig legsteini viðskiptavinnir sækjast eftir. Starfsmenn okkar aðstoða viðskiptavinum við val á legsteini, enda búa þeir yfir mikilli reynslu. Við getum svarað flestum spurningum og komið þannig til móts við fjölbreyttar þarfir viðskiptavina okkar.“

Að sögn Ólafs afgreiða þeir einnig sérsmíðaða legsteina sem einnig njóta töluverðra vinsælda. Þeir eru bæði smíðaðir úr graníti og stuðlabergi. Ólafur bendir einnig á að hægt sé að lagfæra eldri legsteina sem séu illa farnir. „Við búum yfir þekkingu og tækni til að lagfæra eldri legsteina sem jafnvel virðast vera ónýtir. Við getum frískað upp á



„Starfsmenn okkar aðstoða viðskiptavinum við val á legsteini, enda búa þeir yfir mikilli reynslu,“ segir Ólafur Ragnar Guðbjörnsson.

MYND/GVA

lettrið á þeim og gert þá fallettri.“

Allir starfsmenn fyrirtækisins hafa áralanga reynslu af vinnu við legsteina að sögn Ólafs. „Enda byggjum við starfsemi okkar fyrst og fremst á starfsmönnum okkar og reynslu þeirra. Það er góður hópur sem stendur að þessu fyrirtæki og þjónustustigið er hátt. Við vinnum verkefnið frá a-ö, hið eina sem fólk þarf að láta okkur vita er hvað á að standa á steininum og hvar hann á að vera. Fagmennska er okkar aðalsmerki og vinnubrögðin eru fyrsta flokks. Það verður enginn svikinn af því að leita til okkar.“

Söludeild Granítsteinar er til húsa í Helluhrauni 2 í Hafnarfirði.



Allir starfsmenn fyrirtækisins hafa áralanga reynslu af vinnu við legsteina.



Granítsteinar bjóða upp á mikið úrval legsteina og fjölbreytta hönnun.

Legsteinar sem standast **íslenska** veðráttu.

Granítsteinar, gegnheil gæði.

Granít
Steinar
Helluhrauni 2, Hafnarfirði





Elin Sigrún Jónsdóttir er nýr framkvæmdastjóri Útfararstofu kirkjugarðanna. Henni er eiginlegt að snerta líf syrgjenda þar sem dauðinn er oft nálægur á prestsheimili hennar.

MYND/SIGURJÓN ARNARSON/SÍSI

Persónulegri og ódýrari þjónusta

Elin Sigrún Jónsdóttir, héraðsdómslögmaður og prestsfrú, er nýr framkvæmdastjóri Útfararstofu kirkjugarðanna ehf. Henni þykir vænt um upphaflegt leiðarljós Útfararþjónustunnar sem var að „lækka kostnað við útfarir og minnka allt þrjál“. Elínu er neytendavernd við syrgjendur hugstæð og ætlar að leggja sig fram um að bjóða ávallt lægsta verð á markaði og afbragðs þjónustu.

Elin leggur ríka áherslu á að gæta að stefnu Útfararstofunnar og sögu hennar. „Mér þykir vænt um það leiðarljós fyrirtækisins er fram kemur í fundargerð útfararsíðanefndar frá árinu 1949, um tilgang kirkjugarðanna með rekstri útfararþjónustu, en þar segir að tilgangurinn sé „að lækka kostnað við útfarir og minnka allt þrjál“. Það voru orð í tíma töluð og eiga við nú sem fyrr.“

Neytendavernd mikilvæg

Elin er menntaður lögfræðingur frá lagadeild HÍ, hefur réttindi sem héraðsdómslögmaður og hefur nýverið lokið námi í verkefnastjórnun, leiðtogaþjálfun og markþjálfun.

„Neytendavernd hefur lengi verið mér hugstæð og ég mun leggja mig fram um að leita ætíð hagstæðustu tilboða svo að við getum ávallt boðið lægsta verð á markaðinum, á sama tíma og við bjóðum upp á afburðað þjónustu,“ segir Elin.

Ætla má að hver maður eigi að meðaltali viðskipti við útfararstofu tvisvar á ævi sinni og segir Elin að viðskiptin fari fram þegar einstaklingar séu í sorg.

„Af þeim sökum tel ég að neytendavernd eigi að vera mjög rík á sviði útfararþjónustu og mikilvægt að ástvinum sé kynnt verð þjónustunnar rækilega þegar hún er keypt.“

Elin bendir á að í Noregi sé í lögum að hver útfararstofa verði að birta verðlista á heimasíðu sinni eða með öðrum opinberum hætti og að þar þurfi einnig að koma fram hámarks og lágmarks kostnaðarviðmiðun.

„Við hjá Útfararstofu kirkjugarðanna birtum verðskrá okkar á netinu og gefum dæmi um verð fyrir kistu, klæði, okkar þjónustu, tónlistarkostnað og fleira.“

Reynslumikið starfsfólk

Í ár eru liðin 65 ár síðan Kirkjugarðar Reykjavíkur stofnuðu útfararstofu og tuttugu ár frá því Útfararstofa kirkjugarðanna varð sjálfstætt starfandi hlutafélag.

„Arður af rekstri útfararstofunnar rennur til eiganda síns sem er Kirkjugarðar Reykjavíkurprófestsdæma og er notaður til samfélagslegra verkefna við rekstur kirkjugarðanna,“ útskýrir Elin.

Starfsmenn Útfararstofunnar eru átta talsins og þekktir fyrir fagmennsku og fágun. Yfir helmingur þeirra hefur þjónað við útfarir í meira en tuttugu ár og aðrir starfsmenn hafa fjölbætta reynslu sem nýtist vel í starfi.

„Útfararstofa kirkjugarðanna er langstærsta útfararþjónustan á Íslandi, með rétt um fimmtíu prósentu markaðshlutdeild á höfuðborgarsvæðinu og leiðandi fyrirtæki á sínu sviði,“ upplýsir Elin. „Við önnumst um það

bil 600 útfarir á ári, ásamt því að flytja fjörutíu til fimmtíu lík úr landi. Þar sjáum við töluverða aukningu sem rekja má til gríðarlegrar aukningar erlendra ferðamanna til Íslands.“

Norræn samvinna

Útfararstofnun kirkjugarðanna er fulltrúi Íslands í Nordisk Forum; samtökum útfararstofa á Norðurlöndum.

„Það samstarf hefur gefið Útfararstofunni mikið. Við hyggjumst efla það starf og legg ég ríka áherslu á að kynna mér það besta sem útfararþjónustur á Norðurlöndum gera í dag. Fyrir í þessum mánuði sótti ég fund Nordisk Forum og heimsótti eina framsæknustu útfararstofu Svíþjóðar og í þeirri heimsókn lærði ég margt sem ég hyggst koma í framkvæmd á næstu mánuðum. Segja má að norrænu fulltrúar útfararstofanna hafi verið á einu máli um að helstu verkefni útfararþjónustunnar væru að verða persónulegri, ódýrari og netvæddari,“ segir Elin og er heilsuhugar sammála þeim áherslum.

„Ég hef lengi notið norræns samstarfs og það hefur auðgætt að mikið þá starfsemi sem ég hef stýrt undanfarna tvo áratugi.“

Framúrskarandi fyrirtæki

Elin hefur þá framtíðarsýn að Útfararstofa kirkjugarðanna verði ávallt framúrskarandi fyrirtæki.

Elin Sigrún Jónsdóttir hefur starfað sem lögfræðingur og lögmaður í 25 ár og hefur fjölbreytta sérfræði- og stjórnunarreynslu.

Elin var lögmaður Byko, lögmaður hjá Lögmonnum Höfðabakka, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, stofnandi og forstöðumaður Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna og framkvæmdastjóri dómstólaráðs. Þá hefur hún og gegnt ýmsum trúnaðarstörfum ásamt því að sitja í fjölmörgum nefndum á vegum ráðuneyta og stofnana. Elin er gift dr. Sigurði Árna Þórðarsyni, presti í Neskirku.

„Við fengum nýlega mikilvæga rekstrarlega vottun frá Credit Info um að Útfararstofa kirkjugarðanna sé framúrskarandi fyrirtæki árið 2013. Aðeins eitt prósent íslenskra fyrirtækja fær árlega slíka vottun og er Útfararstofa kirkjugarðanna eina útfararstofa landsins sem hefur fengið þessa vottun. Við höfum líka mikinn áhuga á að ávinna okkur hina faglegu vottun, í formi viðhorfskönnunar presta og tónlistarfólks en einnig – og umfram allt – frá ástvinum sem við höfum þjónað. Við fáum mikið af jákvæðri tjáningu um það sem vel er gert en viljum jafnframt fá ábendingar um það sem betur má fara. Þannig þróum við og bætum starfsemi.“

Gefandi starf og gott umhverfi

Þegar Elin er spurð um ástæðu þess að hún réði sig til Útfararstofu kirkjugarðanna svarar hún því til að hún hafi komist að því

fyrir löngu að hana langaði að vinna fyrir kirkjugarðana.

„Það eru komin rétt 24 ár síðan faðir minn varð bráðkvaddur og þá kom ég í fyrsta sinn að kistulagningu. Við þá athöfn upplifði ég svo einstaka fegurð, fágun og helgi að ég varð snortin af því hve útfararferlið gæti verið fagurt. Ég hef hrifist af starfi og mannvirkjum í Fossvogskirkjugarði og fundið hve útfararþjónustan og fagmennska eru mikilvæg þegar fólk kveður ástvinum í hinna sinn.“

Hún segir marga spyrja sig hvort ekki sé erfitt að mæta syrgjendum alla daga.

„Jú, það er vissulega erfitt en um leið gefandi. Ég bý á prestsheimili, þar sem dauðinn er oft nálægur, og því er mér eiginlegt að snerta líf syrgjenda. Við starfsmenn Útfararstofunnar fáum mikið þakklæti og jákvæða tjáningu um gæði þjónustu Útfararstofunnar og það hvetur okkur áfram.“

Verst að fá ekki að taka þátt í sorginni

Guðrún Oddsdóttir sálfræðingur segir að almennt eigi að bjóða öllum börnum að fara í útfarir og kveðja þegar einhver nákominn deyr. Það geti verið erfitt fyrir þau að upplifa það seinna að þau hafi verið útilokuð frá ferlinu og séu þá lengur að vinna úr sorginni.

Það sem ég hef séð í gegnum starf mitt er að þau börn sem fá að taka virkan þátt í veikindum ástvina, andláti þeirra og jarðarför standa yfirleitt betur þegar frá líður,“ segir Guðrún Oddsdóttir sálfræðingur. „Það er þeim mjög mikilvægt að fá að kveðja og að þau séu þátttakendur í ferlinu.“

Guðrún segir það ríkjandi hegðun hjá fullorðnu fólki að reyna að koma í veg fyrir að börn upplifi vondar tilfinningar. „Þegar hlífa á börnum við að upplifa jarðarför eða að fá að taka þátt í veikindum og andláti ástvina er verið að klippa börnin út úr eðlilegu samhengi lífs og dauða. Áður fyrr dó fólk bara heima hjá sér og líkið stóð uppi í stofunni, allir voru með í jarðarförinni og börnin voru hluti af því ferli. Nú gerist allt á spítala, í líkhúsi og útfararstofu og það er jafnvel verið að halda börnunum frá jarðarför. Þannig eru þau aðskilin frá þessu sorgar- og heilunarferli sem það er að kveðja ástvin. Með því að útiloka þau er verið að senda börnunum þau skilaboð að þau séu ekki nógu sterk eða að þeirra tilfinningar skipti ekki máli og koma í veg fyrir að þeirra sorgarferli gerist á eðlilegan hátt og með stuðningi og þátttöku þeirra nánustu.“

Flest börn vilja taka þátt

Það ætti ekki að neyða börn til þess að vera við jarðarför en samt sem áður ætti að ganga út frá þátttöku þeirra.

„Mér finnst að almennt eigi öll börn að vera við jarðarförir. Svo lengi sem útför er útskýrð fyrir börnum munu þau flest vilja taka þátt í henni. Það þarf þó að undirbúa þau áður og gera það vandlega,“ segir Guðrún. Hún bætir því við að það sé mikilvægt fyrir þau börn sem ekki taka þátt í útför, hvort sem það er val eða vegna ungs aldurs, að þau fái samt sem áður sína kveðjustund. „Mjög ung börn muna sjaldnast eftir jarðarför en þegar þau vaxa úr grasi er mikilvægt fyrir þau að vita að þau hafi fengið að kveðja á sinn hátt. Það er hægt að fá að hafa stund fyrir þá nánustu fyrir eða eftir kistulagningu, að hafa opna kistu þar sem barnið fær að leggja bangsa, ljósmynd af sér eða teikningu í kistuna. Þetta mættu öll börn eiga kost á að gera, ekki bara ung börn.“

Nauðsynlegt að útskýra allt

Áður en börn fara í kistulagningu og útför þarf að útskýra fyrir þeim hvernig þessar athafnir fara fram og á hverju þau geti átt von. „Þau þurfa að fá að vita hvernig þetta

verður, að í kistulagningu verði bara þeirra nánustu, að þau muni hitta þann sem er látinn en að líkami hans sé hættur að virka, hjartað hætt að slá og að hann sé kaldur viðkomu. Að það verði mikið grátid og að það sé allt í lagi.

Þegar farið er í jarðarför þarf líka að fara í gegnum ferlið, að athöfnin taki tíma, það verði margir og þau eigi að labba á eftir kistunni og að fólk segi „samhryggist“ og þá sé nóg að segja „takk“ og þá megi þau fara í burtu. Það er oft gott að einhver sem barnið þekkir og treystir sé til taks í athöfn eða erfisdrykkju og sinni barninu ef það þarf til dæmis að komast úr aðstæðum en þess nánustu eru uppteknir,“ segir Guðrún.

Hún nefnir einnig að mikilvægt sé að tala ekki undir rós við börn eða að ljúga að þeim. „Það ætti til dæmis ekki að segja við börn „nú er amma sofnuð“ eða „pabbi er farinn í ferðalag“ þá geta þau orðið hrædd við að gera þessa hluti. Það þarf að segja þeim satt og rétt frá, á þann hátt sem þau skilja og þola miðað við þroska. Ekki er heldur gott að hrósa börnum fyrir að vera „dugleg“ í sambandi við veikindi eða andlát. „Dugleg“-skilaboðin kenna að það megi ekki vera leiður og gráta.“



Guðrúnu Oddsdóttur sálfræðingi finnst að almennt ættu öll börn að vera við jarðarförir en að alls ekki eigi að neyða þau til þess.

MYND/ERNIR

Traust og persónuleg þjónusta

Kveðja, Útfararstofa Svafars & Hermanns, er persónuleg útfararstofa sem byggir á trausti og virðingu. Útfararstjórnarnir hafa áratuga reynslu af þjónustu við aðstandendur og sinna skyldum sínum af natni, hlýju, trúnaði og virðingu sem fráfali ástvina verðskuldar.

Við leggjum mikla áherslu á að öll þjónusta okkar sé á persónulegum nótum,“ segja þeir Hermann Jónasson og Svafar Magnússon hjá Kveðju, Útfararstofu Svafars og Hermanns. Ásamt þeim starfar hjá Kveðju Ingibjörg Halldórsdóttir sem nýlega gekk til liðs við stofuna.

„Fólk hittir okkur í aðdraganda útfararinnar og við sjáum einnig um útförina sjálfa. Fólk getur því gengið að því sem vísu að eiga í samskiptum við sama fólkid í gegnum allt ferlið,“ útskýrir Hermann.

Stofan sjálf er ekki gömul en innan hennar rúmast áratuga reynsla af útfararþjónustu. Svafar vann hjá Útfararstofu kirkjugarðanna í 17 ár en Hermann við útfararþjónustu á Siglufirði í 30 ár. „Þar er nálægðin mikil milli fólks og reynslan hefur sýnt mér að persónuleg þjónusta skiptir fólki miklu,“ segir Svafar.

Heiðarleiki og gagnsæi

„Hægt er að ná í okkur allan sólarhringinn. Við komum og sækjum hinn látna þangað sem hann lést, í heimahúsi eða á sjúkrahúsi. Eftir það hefst ferlið í samvinnu við aðstandendur og þá sem framkvæma útförina,“ lýsir Hermann og Svafar bætir við að Kveðja sé með aðstöðu til að taka á móti fólki til að ræða málin en þeir komi einnig heim til fólks ef þess sé óskað.



Svafar, Ingibjörg og Hermann hafa langa reynslu af útfararþjónustu.

MYND/ERNIR

„Við leggjum mikla áherslu á að öll atriði séu skýr áður en til afhafnarinnar kemur og ekkert komi fólki á óvart, til dæmis hvað varðar kostnað. Við viljum vera heiðarlegir og gagnsæir,“ áréttar þeir.

Ýmsir möguleikar í boði

Hermann segir Íslendinga halda í hefðirnar þegar kemur að útför ástvina. Hlutirnir séu þó að breytast og hafa til að mynda bálfarir aukist. Ferlið sé það sama nema ekki sé farið í kirkjugarð eftir at-

höfn. „Margir halda að það sé skylda að fara í gegnum ákveðið staðlað form en það er alls ekki tilfellið. Við leggjum áherslu á að fólk hafi samband við okkur og leiti sér upplýsinga. Við sjáum um hvers konar útfarir og leggjum aðaláherslu á að allir séu samstiga.“

Hermann og Svafar benda einnig á að Kveðja bjóði kistur á breiðu verðbili og reynt sé að koma til móts við alla.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni www.kvedja.is.



Hægt er að ná í starfsmenn Kveðju allan sólarhringinn.

SVAFAR & HERMANN

Kveðja
útfararstofa

**Virðing,
reynsla
& þjónusta**

**Allan
sólarhringinn**

571 8222
Svafar:
820 3939
Hermann:
820 3938
Ingibjörg:
820 3937

WWW.KVEDJA.IS

